

Nd.

8. Frumvarp til laga

um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Flm.: Bjarni Bjarnason, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Óheimilt er landeiganda eða umráðamanni að spilla hverum eða laugum á landi sínu, hvort sem það er með ofaniburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sé talið nauðsynlegt samkvæmt matsgerð, til varnar því landi eða landsnytjum. Óheimilt er hvera- eða landeiganda með sama hætti að breyta að nokkru leyti farvegi þess vatns, er hverinn þeytir frá sér, eða afrennsli laugar, sbr. þó 3. gr.

3. gr.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér hverri og laugar eins og honum þykir best henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar, sbr. þó 4. gr.

virki, er af notkun leiðir, á löndum sínum og lóðum, svo og láta af hendi land og mannvirki og þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveðið skal með mati, ef samkomulag næst ekki.

9. gr.

Ríkið hefir rétt til að láta rannsaka hveraorku með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hér. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur til að leyfa mönnum þeim, er ríkið gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina, eða bíði landeigandi eitt-hvert tjón af henni, skal það bætt að fullu eftir mati, náist ekki samkomulag. Enga aðstoð er landeigandi eða umráðamaður skyldur að láta í té við rannsóknina, nema fyrir fulla borgun.

10. gr.

Eigendum eða umráðamönnum jarða, þar sem jarðhiti er, eða jarðhitasvæði eiga, er heimilt að leita aðstoðar ríkisins við rannsókn jarðhitans. Skal ríkið veita mönnum slíka aðstoð ókeypis, eftir því sem ástæður leyfa og fé er veitt til þess í fjárlögum. Á sama hátt skal ríkið veita mönnum aðstoð um samning kostnaðar-áætlunar um notkun jarðhitans.

11. gr.

Um rafmagnsveitur eða rafstöðvar, sem nytja jarðhita, fer að öðru leyti, að því er við getur átt, eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923, um notkun vatnsorku, og eftir ákvæðum laga nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki. Um hitaveitur fer eftir ákvæðum laga þeirra, er á hverjum tíma gilda um öryggi og eftirlit með verksmiðjum og vélum, en að öðru líkt og um vatnsveitur samkvæmt vatnlögum.

12. gr.

Um matsgerðir þær, er getur í lögum þessum, skal fara eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923.

13. gr.

Ákvæði laga, er koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felld.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir verið flutt á undanförunum þingum, en ekki náð samþykki. Vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgt hefir frumvarpinu